

Skýrsla Stjórnar Ungra fjárfesta 2015

Stjórn félagsins starfsárið 2015 skipuðu:

- Alexander Jensen Hjálmarsson – formaður
- Einar Páll Gunnarsson – varaformaður
- Bessí Þór Jónsdóttir – ritari
- Sandra Björk Ævarsdóttir – gjaldkeri
- Frímann Snær Guðmundsson – fræðslustjóri
- Ingólfur Árni Gunnarsson – meðstjórnandi
- Jól Dalí Ólafsson – meðstjórnandi

Starfsemi ársins

Á síðasta aðalfundi var nýrri stjórn veitt heimild til þess að leggja á félagsgjald á bilinu 0-10.000kr. fyrir árið en stjórn ákvað að leggja engin félagsgjöld á fyrir árið. Eitt helsta verkefni stjórnarinnar var að koma af stað formlegri skráningu í félagið en félagaskrá samanstóð einungis af netföngum á þeim tíma en í dag inniheldur skráin nafn, kennitölu, símanúmer og netfang allra meðlima og er félagið því í stakk búið til að leggja á félagsgjöld kjósi það að gera svo.

Stjórn tók þá ákvörðun að viðburðir félagsins yrðu tvíþættir, annars vegar opnir fræðslufundir þar sem allir geta mætt og hins vegar lokaðir viðburðir þar sem einungis félagsmenn hafa kost á að mæta eða hafa forgang að skráningu. Opnir fræðslufundir voru sjö talsins á starfsárinu á meðan lokaðir viðburðir voru níu.

Á starfsárinu tilkynnti stjórn um ferna samstarfsaðila, VÍB, Viðskiptablaðið og fataverslanirnar Herragarðurinn og Mathilda en félagsmenn fá sérkjör hjá öllum þessum aðilum.

Í apríl síðastliðnum fóru nokkrir fulltrúar Ungra fjárfesta í ferð til Osló þar sem við hittum fyrir fulltrúa systurfélaga okkar frá Danmörku (<http://youngshareholders.dk/>) og Svíþjóð (<http://www.aktiespararna.se/ungaaktiesparare/>). Tilgangurinn var tvíþættur, annars vegar að hitta kollega okkar frá hinum Norðurlöndunum og efla tengsl félaganna og hins vegar að stofna heimssamtök ungra fjárfesta, World Federation of Young Investors (www.wfyic.org)

Viðburðir 2015

22. janúar 2015 – Aðalfundur 2015

Fyrsti aðalfundur félagsins var haldinn í húsakynnum Háskólans í Reykjavík. Gert var grein fyrir starfi félagsins árið 2014 og ný stjórn kjörin. Andrés Jónsson, almannatengill, hélt fyrirlestur um myndun tengslanets.

25. febrúar 2015 – Þróun olíuverðs og áhrif þess á Ísland

Fjallað var um þróun olíuverðs sem hafði lækkað gífurlega mikið á skömmum tíma og áhrif þess á Ísland. Viðar Ingason, hagfræðingur hjá VR, fjallaði um áhrif lækkandi olíuverðs á íslenska hagkerfið og Heiðar Guðjónsson, fjárfestir, fjallaði um þróun olíuverðs og sögu olíumarkaða.

18. mars 2015 – Fjárfestakynning hjá Stefni

Stefnir, rekstrarfélag verðbréfasjóða, bauð Ungum fjárfestum upp á kynningu á sjóðum félagsins og starfsemi þess.

12. maí 2015 – Fræðslufundur með Bala Kamallakharan

Fræðslufundur þar sem Bala Kamallakharan talaði um fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum og kynnti Startup Iceland.

18. maí 2015 – Fjárfestakynning hjá Icelandair Group

Íris Hulda Þórisdóttir, fjárfestatengill, og Bogi Nils Bogason, fjármálastjóri, tóku á móti Ungum fjárfestum og kynntu starfsemi félagsins.

25. júní 2015 – Fjárfestakynning hjá GAMMA

GAMMA, rekstrarfélag verðbréfasjóða, bauð Ungum fjárfestum upp á kynningu á sjóðum félagsins og starfsemi þess.

19. ágúst 2015 – Hvernig byrja ég að fjárfesta?

Björn Berg, fræðslustjóri VÍB, fór yfir praktískt atriði varðandi það hvernig maður byrjar að fjárfesta. Fundurinn var í Háskólanum í Reykjavík og þar sem fundurinn vakti gríðarlega mikla athygli var ákveðið að endurtaka leikinn í Háskóla Íslands í september.

24. ágúst 2015 – Fjárfestakynning hjá Reitum

Einar Þorsteinsson, fjármálastjóri Reita, tók á móti Ungum fjárfestum og kynnti starfsemi félagsins.

9. september 2015 – Hvernig byrja ég að fjárfesta?

Fundurinn frá 19. ágúst var endurtekinn og fór fram fyrir fullum sal í Háskólabíó.

28. september 2015 – Fræðslufundur um tæknigreiningu

Hallsteinn Arnarson hjá IFS greiningu hélt fræðslufund um tæknigreiningu fyrir Unga fjárfesta í Háskólanum í Reykjavík.

6. október 2015 – Fjárfesting í sprota- og vaxtafyrirtækjum

Ungir fjárfestar og Arion banki stóðu að fundi um fjárfestingu í sprota- og vaxtafyrirtækjum þar sem Einar Gunnar Guðmundsson hjá Arion banka,

15. október 2015 – Kynning á First North markaðnum

Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq á Íslandi, tók á móti Ungum fjárfestum og fór yfir First North markaðinn og hvers væri að vænta þar.

22. október 2015 – Byrjum að fjárfesta

Framhald af „Hvernig byrja ég að fjárfesta?“ fundinum þar sem starfsmenn Íslandssjóða komu og fóru yfir íslenska skuldabréfa- og hlutabréfamarkaðinn, erlenda markaði, fasteignamarkaðinn og lestur og greiningu ársreikninga.

29. október 2015 – Fjárfestakynning hjá Össur

Sveinn Sölvason, fjármálastjóri Össurar, tók á móti félagsmönnum og kynnti starfsemi félagsins.

5. nóvember 2015 – Fjárfestakynning hjá Júpíter

Júpíter, rekstrarfélag verðbréfasjóða, bauð Ungum fjárfestum upp á kynningu á sjóðum félagsins og starfsemi þess.

9. desember 2015 – Fyrirlestur Lars Seier Christensen hjá GAMMA

Lars Seier Christensen, stofnandi Saxo Bank, var á Íslandi og hélt fyrirlestur í húsakynnum GAMMA. Ungum fjárfestum var boðið á þennan lokaða viðburð og mæætu u.þ.b. 40 félagsmenn.

5. janúar 2016 – Fjárfestakynning hjá Marel

Auðbjörg Ólafsdóttir, yfirmaður fjárfestatengla hjá Marel, tók á móti félagsmönnum og kynnti starfsemi félagsins.

Umfjöllun

Viðskiptablaðið, 29. janúar 2015:



ruv.is, 16. mars 2015: <http://www.ruv.is/frett/ungir-fjarfestar-stofna-heimssamtok>

Viðskiptablaðið, 16. apríl 2015:

Fjárfestar Formaður Ungra fjárfesta segir að taka eigi upp vægt félagsgjald í félaginu

Ungir fjárfestar á alþjóðavettvangi

Heimssamtök ungra fjárfesta voru stofnuð á dögnum og var Félag ungra fjárfesta hér á landi aðili að stofnun þeirra.

LILJA GYLFAÐÓTTIR
lilja@vb.is

Félag ungra fjárfesta var stofnað í upphafi árs 2014 af sex ungunum fjárfestum. Tilgangur félagsins er að auka áhuga ungs fólks á fjármálum, fjárfestingum og sparnaði auk þess að vera vettvangur fyrir ungt fólk til þess að hittast og ræða þessi mál. Félagið er opið öllum á aldrinum 18-35 ára og engar kvaðir um reynslu, þekkingu eða fjárhag eru til staðar.

Fyrsti aðalfundur félagsins var haldinn ekki alls fyrir löngu og var þá kosin ný stjórn. Nýkjörinn formaður er Alexander Jensen Hjálmarsson. Hann segir að ný stjórn vilji bæta fleiri viddum við starf félagsins. „Helsta breytingin er sú að félagið ætlar sér að innleiða vægt félagsgjald en allir fræðslufundir félagsins munu áfram verða



Fulltrúar Ungra fjárfesta á Íslandi voru í Ósló á dögnum og tóku þátt í stofnun heimssamtaka ungra fjárfesta.

VB MYND/ABSEND

opnir öllum. Ýmis önnur verkefni eru í gangi og má þar meðal annars nefna að við erum að vinna að því að fara til þeirra félaga sem skráð eru í kauphöll og fá almenna fjárfestakynningu á félögum.“ Alexander segir að félag eins og Ungir fjárfestar sé mjög mikilvægt í ljósi þess að enginn slíkur félagskapur var til á Íslandi fyrir tilkomu hans. „Við erum bæði að stuðla að því að ungt fólk hugsi meira um fjármál og sparnað auk

þess sem við viljum taka þátt í því að auka fjármálalæsi þjóðarinnar og teljum það brýnt verkefni.“

Stofnuðu heimssamtök ungra fjárfesta í ferðinni til Ósló

Í lok mars fóru níu Íslendingar til Ósló á vegum Ungra fjárfesta þar sem þeir hittu systurfélög sín frá Svíþjóð og Danmörku en tildrög ferðarinnar voru þau að fyrir um ári síðan kom hópur frá Ungum fjárfestum í Svíþjóð í heimsókn til Íslands. Hópurinn sem fór frá Íslandi var hópurinn sem tók á móti sænska hópunum í fyrri auk nokkurra nýrra stjórnarmanna. Í upphafi var einnig tilgangur ferðarinnar að stofna norræn regnhlífarsamtök til að efla samstarf félaganna en það tók breytingum á leiðinni og niðurstaðan varð sú að stofna heimssamtök Ungra fjárfesta (World Federation of Yo-

Samtök fjárfesta sýna Ungum fjárfestum lítinn áhuga

Samtök fjárfesta eru félagskapur almennra hlutabréfa- og sparifjáreigenda og hefur félagið þann tilgang að gæta hagsmuna fjárfesta. Ungir fjárfestar hafa leitað til þeirra varðandi það að vera í formlegu samstarfi en samkvæmt Alexander hafa þeir ekki sýnt því neinn áhuga. „Eftir að hafa rætt við systurfélög okkar sáum við hins vegar að þar er mikið og náið samstarf á milli Ungra fjárfesta og Félags fjárfesta sem auðveldar systurfélögum okkar mikið í sinni vinnu. Bæði í Svíþjóð og Danmörku vinna starfsmenn Félags fjárfesta einnig í þágu Ungra fjárfesta og aðstoða þau í allri sinni vinnu auk þess að í Danmörku hafa Ungir fjárfestar til að mynda eitt stjórnarsæti í Félagi fjárfesta sem mér finnst til fyrirmyndar. Það má þó ekki taka það frá þeim að þeir segjast vera tilbúnir að aðstoða okkur á ýmsan hátt vanti okkur aðstoð og til að mynda styrktu samtökin, ásamt Kauphöll Íslands, okkur um hluta ferðakostnaðarins vegna Ósló-ferðarinnar.“

ung Investors). „Ungir fjárfestar á Íslandi auk systursfélaga okkar í Svíþjóð og Danmörku stofnuðu félagið í Ósló og eru því stofnaðilar heimssamtakanna. Tilgangur þeirra er að auka tengsl og samstarf Ungra fjárfesta í mismunandi löndum og einnig að aðstoða ungt fólk út um allan heim við að koma á fót félagi í sínu heimalandi.

vb.is, 15. ágúst 2015: <http://www.vb.is/frettir/rumlega-thusund-vilja-laera-ad-fjarfesta/119914/>

mbl.is, 17. ágúst 2015:

http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2015/08/17/1_300_manns_vilja_laera_ad_fjarfesta/

mbl.is, 19. ágúst 2015: http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2015/08/19/hvernig_byrja_eg_ad_fjarfesta/

vb.is, 10. september 2015: <http://www.vb.is/frettir/hvernig-ad-fjarfesta/120677/>